

Fimmtudaginn 14. desember 1995.

Nr. 79/1994.

Lofthildur Kristín Loftsdóttir

(Ingimundur Einarsson hdl.)

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Kristbjörgu Jónsdóttur vegna

protabús Hannesar Ragnars Franzsonar

(Guðmundur Kristjánsson hdl.)

Ómerking. Heimvísun. Frestun. Kaupmáli. Gjaldprot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1994. Hún krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefndu, en til vara, að fjárkröfur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 22. apríl 1994.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, gerðu áfrýjandi og eiginmaður hennar, Hannes Ragnar Franzson, kaupmála 10. maí 1989, sem skrásettur var 11. sama mánaðar, þar sem þar greindum eignum Hannesar Ragnars var ráðstafað til áfrýjanda sem séreign hennar. Hinn 7. maí 1991 krafðist stefnda þess, að bú Hannesar Ragnars yrði tekið til gjaldprotaskipta, og var það gert með úrskurði skiptaráðandans í Reykjavík 30. september 1991.

Í máli þessu krefst stefnda endurgreiðslu á andvirði þeirra eigna, sem gerðar voru séreign áfrýjanda með kaupmálanum. Í protabú Hannesar Ragnars var lýst fjórum kröfum auk kröfu stefndu, en þær voru allar greiddar eða afturkallaðar, svo að stefnda er eini kröfuhafi búins. Ágreiningur varð um fjárhæð kröfunnar. Lýst krafa stefndu var að fjárhæð 5.498.669 krónur, en skiptastjóri samþykkti hana að fjárhæð 2.621.795 krónur. Þessu var mótmælt af hálfu lögmanna þrotamanns og stefndu. Var ágreiningnum skotið til

úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1992 með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Heiti málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er X-5/1992: Kristbjörg Jónsdóttir gegn þrotabúi Hannesar Ragnars Franzsonar. Aðalflutningur hafði verið ákveðinn 11. október 1993, en þann dag var málinu að ósk lögmanna aðila frestað óákveðið eða þar til úrslit réðust í máli því, sem hér er til meðferðar.

Endurgreiðslukröfuna byggir stefnda á 1. mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 190. gr. nágildandi laga nr. 21/1991. Samkvæmt þeirri grein skal sá, sem hag hafði af ráðstöfun, greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni búsins. Tjón bús er það tjón, sem kröfuhafar verða fyrir vegna þeirrar ráðstöfunar, sem rift er. Eins og að framan greinir, er stefnda eini kröfuhafinn í búinu. Ekki liggur fyrir niðurstaða um það, hvert tjón búsins yrði, ef til riftunar kæmi, þar sem ekki hefur verið fjallað efnislega um bótakröfu stefndu. Héraðsdómara hefði því verið rétt að fresta málinu, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm um annað en gjafsóknarkostnað og vísa málinu heim í hérað og leggja fyrir héraðsdómara að bíða úrslita dómsmálsins um kröfuna, áður en dómur verður lagður á mál þetta að nýju.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað skal vera óraskað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur um annað en gjafsóknarkostnað, og er málinu vísað heim í hérað. Lagt er fyrir héraðsdómara að bíða úrslita héraðsdómsmálsins X-5/1992: Kristbjörg Jónsdóttir gegn þrotabúi Hannesar Ragnars Franzsonar, áður en dómur verður lagður á málið að nýju.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en allur gjaf-sóknarkostnaður stefndu, þar með talin málflutningslaun talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
